



BÍLGREINASAMBANDIÐ
THE ICELANDIC FEDERATION FOR MOTOR TRADES AND REPAIRS

Alþingi

Erindi nr. Þ 12 r, 1070

komudagur 27. 4. 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2002

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998 um
verslunaratvinnu með síðari breytingum.**

Bílgreinasambandið telur að þær breytingar í frumvarpinu er varða sölu notaðra bíla séu til bóta. Þær gera ráð fyrir að lögreglustjórar skuli veita leyfi til að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki svo og að halda skrá yfir leyfishafa í umdæmum sínum.

Þetta þýðir eins og fram kemur í athugasemdum um 7. gr. að lögreglustjórar hafa varanlegt og heilstætt eftirlit með starfsemi bifreiðasala sem rekin er í umdæmi þeirra.

Bílgreinasambandið hefur engar athugasemdir við ofangreint frumvarp og mælir með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
Bílgreinasambandið


Jónas Þór Steinarsson

Félag íslenskra bifreiðaeigenda



ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 127/1075**
komudagur 5.7.2002

Reykjavík, 4. apríl 2002

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um
verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda fagnar boðuðum breytingum á lögum nr. 28/1998 sem lúta að starfsemi bifreiðasala.

Í nágildandi lögum er eftirlitið með starfsemi bifreiðasala í höndum lögreglustjóra í hverju umdæmi fyrir sig. Samkvæmt frumvarpinu er lögreglustjórum gert að veita, svipta og halda skrá yfir leyfi með verslun eða umboðssölu fyrir notuð ökutæki í umdæmum sínum. Breytingarnar sem fela í sér varanlegt og heilstætt eftirlit með starfsemi bifreiðasala eiga að einfalda og auka skilvirkni í þessum málaflokki til hagsbóta fyrir neytendur og bifreiðasala.

FÍB leggur áherslu á að til að ná þeim árangri sem að er stefnt og auka öryggi neytenda þarf eftirlit lögreglustjóra að vera virkt bæði varðandi leyfismál og einnig varðandi daglega starfsemi bifreiðasala svo sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum.

FÍB mælir með að ofangreint frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson

HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL:
ADDRESS
Borgartún 33
IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
562 9999
International
+ 354-562 9999

MYNDSENDIR:
TELEFAX:
+354-552 9071

FYRIRTÆKISNÚMER:
REG. NUMBER:
530169-7749



MEMBER OF ALLIANCE
INTERNATIONALE
DE TOURISME

Alþingi
Erindi nr. P 127/1577
komudagur 2.4.2002

Frv. til laga um verslunaratvinnu, 607. mál

Hagstofa Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Engar athugasemdir eru gerðar við efni þess.

Virðingarfyllst
Hallgrímur Snorrason



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099


Alþingi
Erindi nr. P 127/1605
komudagur 3.4.2002

ES/gij


Reykjavík, 2. apríl 2002.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 18. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, 607. mál, fylgiréttargjald, bifreiðasölur.

Af hálfu embættisins eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 127/1546
komudagur 27.3.2002

MYNDSTEF


27.mars 2002

Nefndasvið alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málið varðar erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem beðið er um umsögn um frumvarp til laga um verslunaratvinnu, 607. mál, fylgiráttargjald, bifreiðasölur.

Af hálfu Myndstefs eru engar athugasemdir gerðar við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Myndstefs


Knútur Bruun, form.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1576
komudagur 2.4.2002

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

27. mars 2002
Tilvísun: 2002030189
091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8- 10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um verslunaratvinnu, 607. mál.

Ríkislögreglustjóranum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um verslunaratvinnu, 607. mál, fylgiráttargjald, bifreiðasölur.

Yður tilkynnist hér með að Ríkislögreglustjórinn hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
Kristín Edwald
Kristín Edwald,
löglærður fulltrúi.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1603
komudagur 3. 4. 2002



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. apríl 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, 607.mál, fylgiráttargjald, bifreiðasölur.

1. Inngangur

Þetta frumvarp er lagt fram af viðskiptaráðuneytinu með það að meginmarkmið að stuðla að betri skilum á fylgiráttargjaldi vegna sölu á listmunauppboðum en um leið gerðar aðrar breytingar á lögnum svo sem um verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki sem lögreglustjórar skulu framvegis veita leyfi til að reka.

2. Frumvarpið

Í 8.gr. b.staflið frumvarpsins er fjallað um að menntamálaráðherra geti sett nánari reglur um fylgiráttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef. Þarna þykja SVP ástæða til að einnig sé haft samráð við hagsmunasamtök þeirra sem reka listmunauppboð og listaverkasölu, þ.e.a.s. SVP til að jafnræði sé viðhaft. Leggja samtökin til að breyting í þessa veru verði gerð á frumvarpinu.

Í staflið c. er þess krafist að uppboðsstjórar skuli ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. 6.mgr. Krafa um staðfestingu löggilts endurskoðanda er hreinasta fásinna. Bæði er að sumir umræddra uppboðsstjóra þurfa ekki að nota þjónustu löggilts endurskoðanda vegna reksturs síns og þar að auki hvorki vilja eða geta löggiltir endurskoðendur sinnt svona málum. Þetta þarf því að mati SVP að fella út úr frumvarpstextanum.

SVP vilja taka fram að við lauslega athugun í nágrannalöndunum virðist hæsta fylgiráttargjald nema 5% af söluverði eða helmingi lægra gjaldi en hér er krafist. Hugmyndir virðast vera uppi innan ESB um reglur þar sem hámarksgjald verði 4% fyrir verk upp að € 50.000 en ekkert gjald ef verk selst undir € 3.000. Þetta er umhugsunarefni þegar þetta mál er skoðað hér á landi.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1604
komudagur 3. 4. 2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 2. apríl 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 28/1998 um verslunaratv. (607. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.